



TOLLSTJÓRI

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1295**  
**komudagur 24.3.2014**

**Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**  
**Alþingishúsið við Austurvöll**

Reykjavík 19. mars 2014  
málsnr. 201402-0099

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd o.fl.**  
**– 221. mál – þingskjal 295 – viðbótarathugasemdir.**

Embætti Tollstjóra vill koma á framfæri eftirfarandi viðbótarathugasemdum. Tollstjóri hefur eftirlit og umsjón með framkvæmd verndarráðstafana skv. 7. gr. siglingaverndarlaga. Er talið eðlilegra að brot gegn farmvernd séu rannsökuð hjá embættinu og lokið þar með viðurlagaákvörðun.

Að ofangreindu virtu leggur Tollstjóri til að eftirfarandi málslið verði bætt inn í 8. gr. ofangreinds frumvarps um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

*Tollstjóri fer með rannsókn mála vegna brota gegn 7. gr., sbr. 183. gr. tollalaga, að svo miklu leyti sem slík rannsókn er ekki í höndum lögreglu. Tollstjóra er heimilt að ákvarða sektir vegna brota gegn 7. gr. og reglum settum samkvæmt þeirri grein. Sektir allt að fjárhæð... skulu ákveðnar í reglum sem Tollstjóri setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara.*

Sé frekari upplýsinga óskað, vinasamlegast hafið samband við undirritaða.

*Virðingarfyllst,*  
f. h. Tollstjóra.

*Íris Ösp Ingváldsdóttir*  
Íris Ösp Ingváldsdóttir

deildarstjóri lögfræðideildar tollasviðs